

Fundargerð 12. stjórnarfundar

starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 11. janúar 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson. Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Aukaping 2011.
 - 1.1. Formaður lagði til að til aukapings sambandsins yrði boðað laugardaginn 26. febr. nk. í tengslum við MÍ 11-14 ára, sbr. heimild í 9. gr. laga FRÍ. Samþykkt.
 - 1.2. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá boðun þingsins og annar undirbúningur á framkvæmd þess.
2. Formaður lagði til að eftirfarandi mál yrðu til umræðu á aukapinginu:
 - 2.1. Fjárhagsleg samskipti FRÍ og sambandsaðila. Sambandið hefur verið rekið með um 1 m.kr. halla undanfarin ár að jafnaði og helsti kostnaðarliðurinn er vegna þátttöku í alþjóðlegum mótum ár hvert.
 - 2.2. Þátttaka í alþjóðlegum mótum.
 - 2.3. Staðfesting reglugerðabreytinga vegna samþykktar um breytingar á aldursflokkum, skv. ákvörðun Frjálsíþróttapings 2010.
 - 2.4. Undirbúningur Íþróttapings 8. og 9. apríl nk. og kosning fulltrúa á þingið.
3. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
4. Reykjavík International Games (RIG) 2011. Formaður greindi frá undirbúningi. Hann lagði einnig til að framtíðarþátttaka FRÍ í verkefningu yrði skoðuð nánar og var tekið undir það af öðrum fundarmönnum.
5. Heimsókn fulltrúa EAA til Íslands 28. – 31. jan. nk. Bill Glad sem er framkvæmdastjóri þróunarsvið EAA mun koma til landsins til að ræða við forystu FRÍ, ungt íþróttafólk og forystu ÍSÍ, ríkisins og annarra samtaka um starfsemi EAA og þróun frjálsíþróttá á alþjóðlega vísu. Formanni og framkvæmdastjóra falin undirbúningur komu hans.
6. Félagaskipti. Eftirtaldir hafa lagt fram beiðni um félagaskipti og uppfylla þær öll skilyrði og öðlast gildi skv. neðangreindu:
 - 6.1. Björn Margeirsson úr FH (ÍBH) í Umf. Tindastól (UMSS) frá og með 1. janúar 2011.
 - 6.2. Stefán Velemir úr UFA (ÍBA) yfir í ÍR (ÍBR) frá og með 1. janúar 2011.
 - 6.3. Ingólfur Guðjónsson úr Umf. Laugdæla (HSK) yfir í ÍR (ÍBR) frá og með 1. janúar 2011.
 - 6.4. Steinþór Óskarsson, úr Ármanni (ÍBR) yfir í FH (ÍBH), frá og með 10. janúar 2011.
7. Yfirlit um þátttöku í alþjóðlegum mótum á árinu. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um kostnað vegna þátttöku í alþjóðlegum mótum á árinu. Samt. er áætlaður heildarkostnaður



um 12,5 m.kr. m.v. þátttöku á sömu forsendum og hefur verið. Ekki er tekið tillit til endurgreiðsla sem gætu numið um 2-3 m.kr.

8. Samstarfssamningur við Ícelandair. Hannes greindi frá því að gengið hefði verið frá samstarfssamningi milli FRÍ og Ícelandair fyrir árin 2011 og 2012 í samræmi við áður framlögð drög. Samningurinn var staðfestur af stjórn.
9. Aðrir samstarfssamningar – staða mála. Formaður greindi frá viðræðum við önnur fyrirtæki. Nauðsynlegt að fylgja málum betur eftir.
10. 70. Íþróttabing 8. og 9. apríl nk. Ákveðið að ræða þetta mál betur á næsta fundi, en jafnframt að kjósa skuli fulltrúa, aðra en þá sem stjórn tilnefnir, á komandi aukabingum sambandsins.
11. Norðurlandabing 8. apríl nk. í Osló. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri sækji þingið f.h. FRÍ.
12. Þing EAA 16. apríl nk. í London. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri sækji þetta þing einnig, en fyrir liggur að framkvæmdastjóri verði í framboði til stjórnar EAA.
13. Næsti fundur ákveðinn 3. febr. nk.
14. Önnur mál.
 - 14.1. Formaður ræddi fund EAA um málefni frjálsíþróttafélaga í byrjun apríl nk.
 - 14.2. Benóný greindi frá opnun nýs fjölnota íþróttahúss í Vestmannaeyjum. Þar er m.a. aðstaða til iðkunar frjálsíþróttar með hlaupabraut með gerviefni o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:20.

Jónas Egilsson.